

# Lög

um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð  
sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 89 21. júní 1995.

---

1. gr.

Í stað „á árinu 1995“ í ákvæði til bráðabirgða I í lögnum kemur: á árinu 1996.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III í lögnum orðast svo:

Sjávarútvegsráðherra er, þrátt fyrir ákvæði 7. gr., heimilt að ákveða að til ársloka 1996 skuli styrkur vegna úreldingar krókabáta vera hærra hlutfall af húftryggingarmati en gildir um önnur skip. Jafnframt er heimilt að ákveða að til 1. október 1996 geti úreldingarstyrkur vegna krókabáta numið að hámarki 80% af húftryggingarverðmæti. Á sama tímabili er Þróunarsjóði heimilt að kaupa krókabáta sem hafa verið úreltir. Getur sjóðurinn m.a. notað þá til þróunarverkefna erlendis.

Ef ákvæðið verður að greiða úreldingarstyrki skv. 1. mgr. skal endurreikna styrki til þeirra krókabáta sem þegar hafa fengið greidda styrki til samræmis við hinar breyttu reglur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 21. desember 1995.*